

Fundargerð 500

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), Kári Gautason (KG) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1-4), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Árshlutareikningur janúar - júní 2021 - til afgreiðslu
3. Fundaáætlun stjórnar til næsta ársfundar - til afgreiðslu
4. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs 2021 - til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
6. Framlenging verkefna brothættra byggða í Grímsey og Árneshreppi - til kynningar
7. Yfirfærsla stjórnarsýslu póstmála til Byggðastofnunar - til kynningar
8. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 499. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Árshlutareikningur janúar - júní 2021 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur árshlutareikningur Byggðastofnunar vegna janúar - júní 2021 auk ýmissa sundurliðana úr rekstri stofnunarinnar.

AÞ fór yfir rekstur Byggðastofnunar á tímabilinu og horfur framundan og MH síðan yfir uppgjorið sjálft og sundurliðanir úr rekstri. Hagnaður tímabilsins nam 99,4 milljónum króna. Eignir námu 20.621 milljón króna, skuldir voru 17.368 milljónir króna og eigið fé 3.254 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 19,19% en skal að lágmarki vera 10,50%.

Til máls tóku KÁ, HP, HKH og GP.

Formaður bar síðan upp árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2021 og var hann samþykktur samhljóða. Var uppgjorið sent stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

3. Fundaráætlun stjórnar til næsta ársfundar - til afgreiðslu

Þessi liður var áður á dagskrá síðasta stjórnarfundar. Fyrir fundinum liggur tillaga að starfsáætlun stjórnar fram að næsta ársfundi stofnunarinnar og fór AÞ yfir breytingar sem gerðar hafa verið frá síðasta fundi.

Til máls tóku MBJ, GP, KB, HKH og KÁ.

Formaður bar upp starfsáætlun stjórnar 2021-2022 og var hún samþykkt samhljóða.

4. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs 2021 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs sem HP fór yfir. Eru allar áhættur utan gjaldeyrisáhættu innan þeirra marka sem settar eru í áhættustefnu. Nú í lok ágúst eru allar áhættur innan settra viðmiða.

Til máls tóku KB, MBJ, MaH, KG, AME og AÐ.

HP vék af fundi.

5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 23/21-28/21 auk samantektar á lánaákvörðunum sem AME fór yfir.

Til máls tóku MBM, KB, HÓ, MaH, KG og AÐ.

Framlenging verkefna brothættra byggða í Grímsey og Árneshreppi - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað Helgu Harðardóttur og Kristjáns Þ. Halldórssonar sérfræðinga á þróunarsviði sem AÐ kynnti þar sem fram kemur að verkefni Áfram Árneshreppur og Glæðum Grísey hafi verið framlengd út árið 2022 að beiðni ríkisstjórnarinnar.

Til máls tóku MaH, SEÐ, AÐ og MBJ.

6. Yfirfærsla stjórnsýslu póstmála til Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skipunarbréf til starfshóps sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði til að meta hvernig best megi ná markmiðum 1. gr. laga um pósthjónustu um alþjónustu. AÐ kynnti bréfið auk þessi hvernig innleiðing á yfirfærslu málaflokksins gengi. Auglýst var eftir fólki í sumar og er stefnt að ráðningu í byrjun september.

Til máls tóku MBJ, HÁ, GP og KB.

HÁ yfirgaf fundinn

7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og yfirlit yfir stöðu rekstrar 31. júlí. AÐ sagði frá stöðu rekstrar og SEÐ fór yfir þau verkefni sem eru í gangi. Dagana 26. og 27. október er stefnt að því að Byggðaráðstefna verði haldin á Hótel Kötlu Höfðabrekku í Mýrdal.

Til máls tóku MBJ, KB, KG og GP.

KG spurði út í stjórnsýslukæru vegna aflamarks Byggðastofnunar og svaraði AÐ því.

GP spurði út í samanburð á gjaldtöku í fiskeldi í Íslandi og í Færeyjum og svaraði SEÐ því til að vinna við hann væri í gangi.

8. Önnur mál

MBJ sagði frá störfum stjórnarformanns í sumar.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 29. september 2021

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:50

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

Kári Gautason

María Hjálmarsdóttir